

sverðsoddinum að brjósti Netleys og sagði rólega:

„Þetta er aðferðin sem ég er vanur að beita við þína líka. Verðu þig!“

„Vogar þú að veitast að mér hér?“

„Ég voga mér að veitast að þjófum og bófum hvar sem er. Þessi staður, þar sem þú hefir lagt ránshönd á æruverðan framliðinn öldung, er rétti staðurinn til að reisa þér á. Vertu fljótur. Fáðu mér dósirnar.“

„Ég kalla á fólk þið í húsinu!“

„Já, það ættir þú endilega að gera“, sagði Felthorpe og færði sverðið nær brjósti Netleys. „Brooks er nú þegar kominn hér. Dettur þér í hug að nokkur í þessu húsi mundi fást til að leggja hönd á mig. Ég er rétt sáttur með að draga þig fyrir næsta lögregludómara, nema þú kjósir heldur að berjast. Fljót nú! Dragðu sverðið úr slíðrum og verðu þig.“

Sverðsoddurinn var nú kominn svo nálægt brjósti Netleys, að honum fór ekki að verða um sel. Hann leit undan og rétti Felthorpe dósirnar.

Óðara en Felthorpe hafði tekið við þeim skundaði hann út úr herberginu, niður stigann og út og Brooks á eftir honum.

„Ég verð að vera yður samferða héðan“, mælti Brooks. „Eftir þetta, sem nú hefir farið hér fram, býst ég ekki við að mér verði vært hér.“

„Skil ég það“, sagði Felthorpe, „gerðu ráðstafanir til, að dótið þitt verði sent heim til mín.“

Þeir tóku sér nú vagn og óku á stað áleiðis til borgarinnar. Felthorpe tók upp dósirnar og fékk sér í nefið. Brooks starði á hann eftirvæntingarfyllur og þegar Felthorpe stakk dósunum í vasann, án þess að virða þær neitt nákvæmar fyrir sér, ávarpaði Brooks hann þannig:

„Hafði þér rannsakað dósirnar nákvæmlega?“

„Rannsakað þær? Hvað áttu við?“

„Ég mundi rannsaka þær, ef ég væri sem þér.“

„Þú býrð yfir einhverju, Brooks.“

„Dósirnar, með öllu sem í þeim er“, sagði húsbóndinn sálugi þegar hann ánafnaði yður þær.“

„Satt er það“, mælti Felthorpe, „þær eru líka hálfullar af tóbaki.“

Brooks brosti í kampinn og mælti: „Látið þér mig sjá þær sem snöggvast. Það er meira í þeim en tóbakið tómt. Þær eru konungleg gjöf.“

„Hvað meinastu, maður! Hvað meinastu!“ sagði Felthorpe.

Brooks opnaði þegjandi svolítið leynihólf í dósunum og dró þaðan út þétt samanvaðið pappirsblað.

„Hérna“, sagði Brooks, „ég vissi vel um þetta. Húsbóndinn sálaði sagði mér frá því sjálfur.“

Felthorpe leit á blaðið. Það var bankaávisun upp á fimm þúsund pund sterling.

„Brooks“, sagði Felthorpe, „mér er skapi næst að rífa ávisunina í sundur og fleygja henni út um gluggann.“

„Það mundi ég ekki gera“, svaraði Brooks þurlega.

„Þú ert ráðvundur maður, Brooks“, sagði Felthorpe.

„Það hefi ég verið alla æfi.“

„Með þetta fé handa á milli væri það klaufaskapur að komast ekki áfram í heiminum“, hélt Felthorpe áfram.

„Ég skal hagnýta mér peningana. Þetta hafði ég þó upp úr því að vera þrjár.“

„Já“, sagði Brooks, „það getur borgað sig stundum.“

Símskeyti til „Reykjavíkur“.

Kaupm.höfn 29. apríl kl. 9 árd.

Frá þingi Dana.

Toll-lögunum er borgið.

Millirikjasamningar.

Samningar undirritaðir um Eystrasalt og Englandshaf [aðallega um siglingar á því svæði á ófriðartímum].

Frá Englandi.

Churchill verzlunarráðgjafi [í hinu nýja ráðaneyti Asquith's féll við aukakosningu í Manchester.

Kaupm.höfn 1. maí kl. 8^{1/2} árd.

Undirnefnd (úr sambandslaganefndinni), Jóhannes Jóhannesson, Lárus H. Bjarnason, Krabbe héraðsfógeti og H. N. Hansen konferenzráð, varð sam-mála um tillögur (til nefndarinnar) í gærmorgun. Um kvöldið héldu íslensku nefndarmennirnir Dönnum veizlu.

Frá aðgerðum sambandslaganefndarinnar.

Siðan ofangreint símskeyti barst hingað á föstudaginn og var þá birt almenn- ingi af heimastjórnarbl. „Reykjavík“ og „Þjóðólfi“ hefir ekki verið jafntíðrætt um annað hér í bænum sem efni þess. Vill „Reykjavík“ þess vegna með fám orðum gjöra grein fyrir því.

Í byrjun f. m. höfðu dönsku og íslensku nefndarmennirnir samið sitt frumvarpið hvorir um stöðu Íslands. Er því sennilegt, að ofangreind undirnefnd hafi verið kosin til þess að bræða málið og koma á samkomulagi. Virðist mega telja vist, að undirnefndin hafi leitað hófanna hjá öðrum nefndarmönnum áður en hún kvað upp úr með tillögur sínar. Af símskeytinu, sem vér gjörum ráð fyrir, að hafi verið hingað sent með fullu samþykki nefndarinnar, virðist því mega ráða, að fult samkomulag sé komið á með flestölum ef ekki öllum fulltrúum Íslendinga og Dana í nefndinni. Engum getum skal leitt að því, hvers vegna símskeytið greinir ekki frá, að ihaldsmenn eða umbótamenn hafi átt nokkurn fulltrúa í undirbúningsnefndinni. Hvernig sem því er farið, virðast Íslendingar hafa ástæðu til þess að fagna tíðindum þessum.

„Fram“. Fundur 2. og 4. Fimmtudag í hv. mán. kl. 8^{1/2} síðd. í Templara-húsinu.

Herra ritstjóri!

Í heiðruðu blaði yðar, „Reykjavík“ 13. tbl. þ. á. er „brot úr ferðasögu“. Þar er sagt frá ódrengilegri aðferð við undirskrifa leitung undir umkvörtunarskjal vort Rangæinga í vetur og tilganginum með því. Þetta heinist að mér, en eru hvað mig snertir algjörlega upp spennin ósannindi. Finst mér því sanngjarn að biðja yður að gera nánari grein fyrir heimildum að þeirri ferðasögu.

Mig grunar að grein þessi sé ættuð héðan að austan, að hún sé runnin frá líkum sannleiksrotum og sumt annað, sem héðan er verið að skrifa með leyndum nöfnum, um kosningarundirbúning og þ. h. Er það þá síðferðisleg skilda þeirra, sem skrifa útskipt um aðra menn, að gangast við því, svo það sé ekki kent saklausum.

Ef þér vitið ekki um heimildir, og álitid ekki gustuk að tilnefna sögumanninn, þá læt ég mér lina að það sjáist úr hvaða bygðarlagi hann er.

Línur þessar vona ég þér takið í blað yðar og svarið þeim lítið eitt um leið.

Selalæk 24/4 — 1908.

Sig. Guðmundsson.

Það gleður mig að heyra að tilgangur manns þess sem ferðast um alla Rángárvallasýslu um hávetur til þess að tala við bændur, var ekki sá að rýra álit séra Eggerts, og ekki heldur að afla sjálfum sér fylgis og prests þeim, sem bóndi gat um við mig, þegar ég var á ferðinni. Það var al-talað, að þeir ætluðu að láta kjósendur fá álit á sér fyrir þessa röggsemi, og svo að bjóða sig fram þegar líði á sumarið.

Ég skal með ánægju játa að þessar ágizkanir hafa verið rangar, þegar ég sé í haust, að þeir verða ekki í kjöri. Það var næsta ótrúlegt, að þeir færu að gefa kost á sér, ekki fyrir það að báðir eru mjög nýtir menn, en ég held, að hvorugur sé neitt þingmannsefni.

Það gleður mig sannarlega, að þessir menn eru ekki verkfæri í höndum þeirra, sem aðeins hugsa um að velja stjórninni og koma sjálfum sér að, en það hefði maður orðið að halda, ef þeir hefðu farið að braska í að komast á þing, þar sem þeir eiga jafn góðum mönnum á að skipa sem þeim séra Eggert og Einari á Geldingalæk.

Ekki þarf Sigurður að leggja þykkju á sýslunga sína fyrir greinina, því engin þeirra hefir skrifað hana, eins og hann sér á því hversu fljótt ég svara grein hans.

Að endingu þakka ég ritstjóranum, að hann gaf mér tækifæri til að láta í ljósi gleði mína yfir því, að sögurnar sem hingað bárust, af „ódrengilegri aðferð við undirskriftaleitun“ þeirra félaga, voru ósannar, eins og sést á því, að þeir ætla alls ekki að gefa kost á sér til þings.

Ferðamaður.

Innan bæjar og utan.

Verzlunarmannaskólanum hér var sagt upp 29. f. m. 10 piltar tóku burtfararpróf, allir með I. eink. að einum undanteknum.

Tveir af piltunum sem útskrifuðust, þeir Þorbjörn Þorvaldsson frá Þorvalds-eyri og Sigurjón Sigurðsson úr Stranda-sýslu fengu 20 kr. verðlaun hvor.

Þrír piltar sem fluttust úr miðdeild upp í efstu deild fengu og verðlaun þannig:

Jón Þorsteinsson frá Víki Mýrdal 20 kr. Sig. Kristjánsson frá Akureyri 20 — Sophus Blöndal frá Hvammst. 50 —

20 kr. verðlaunin höfðu þeir gefið Ásgeir Sigurðsson konsull, Brynjólfur H. Bjarnason kaupm., E. Schou banka-stjóri og Karl Nikulássson verzl.stj. og skólástj. Ó. G. Eyjólfsson (ein verðlaun báðir). 50 kr. verðlaunin gaf Philip-sen steinoliukaupmaður.

Skólástjóri skýrði stuttlega frá vexti og viðgangi skólans síðan hann byrjaði fyrir 3 árum. Hefir skólinn dafnað fremur öllum vonum, jafnlitinn styrk sem hann hefir fengið, bæði af opin-beru fé og frá einstökum mönnum. Fá piltar þar nú allgóðan undirbúning undir verzlunarskólunum, enda hefir skólinn verið svo heppinn að hafa hina beztu kennara.

Skólaláttarnir stofnuðu sjöð til styrktar fátækum nemendum. Má engu af sjöðnum eyða fyrri en vextirnir af höfuðstólum eru orðnir 25 kr.

Skólástjórnin hefir í hyggju að reisa sérstakt hús handa skólanum, enda er þess hin mesta þóri. Er vonandi að bæði þingið og verzlunarskólinn í höfuðstaðnum og út um land styrki skólan svo eftirleiddis, að hann geti bæði eignast nauðsynleg húsakynni og annað er hann þarfnast óhjákvæmilega.

Skaftafellssýsla er veitt cand.jur. Sigurði Eggerz.

Eldur er sagt að vera muni uppi í Dyngjuflöllum að haldið er. Logi og reykur kvað hafa sézt úr Mývatnssveit, og fiskiskip sem nýlega kom hér inn,

hafði orðið vart við óskufall fyrir sunnan land.

Um borgarstjóraembættið hér sækja þeir tveir Páll Einarsson sýslu-maður í Hafnarfirði og Knud Zimsen verkfræðingur í Reykjavík.

„Vesta“ fór héðan vestur og norður um land til útlanda 29. f. m. Með henni fór mesti fjöldi farþega.

Prófastur í Norður-Þingeyjarprófasts-dæmi er settur séra Páll Jónsson á Svalbarði.

I.O.G.T. Gyðja 134, f. Fd. 7.5.kl. 8 síðd. Inns.e.

Brúkað, en þó ógallað karlmanns- og kven-reiðhjól (frihjóla) óskast til kaups. Ritstjóri ávísar.

Glimufél. „Ármann“

sýnir glímur fimtud. 7. þ. m. í Iðná kl. 9.

Ágóðanum verður varið til Ólympisku leikanna.

Tvær þriggja herbergja íbóðir til leigu frá 14. maí n. k. Uppl. hjá haupm. Hirti A. Fjeldsted Spítalastíg 9.

Ef þér viljið lifa lengi,

þá eigið þér að muna eptir því, að ekkert læknislyf, sem hingað til hefur verið uppgötvað til að varðveita heilsu mannkynsins, getur jafnast á við hinn heimsfræga heilsuþótarbitter

Kína-lífs-elixír.

Tæring.

Konan mín, sem mörg ár hefur þjáðst af tæringu og leitað ýmissa lækna er við stöðuga notkun Kína-lífs-elixírs Waldemars Petersens orðin til muna hressari og eg vona, að hún nái heilsu sinni algerlega við áfram-haldandi notkun þessa ágæta elixírs.

J. P. Arnorsen.

Hundested.

Taugagigt.

Konan mín, sem 10 ár samfleytt hefur þjáðst af taugagigt og tauga-sjúkleika og leitað ýmissa lækna árang-urslaust er við notkun hins heims-fræga Kína-lífs-elixírs Waldemars Pet-ersens orðin albata.

J. Petersen timburmaður.

Stenmagle.

Hin stærstu gæði lífsins eru heilbrigði og ánægja.

Góð heilsa er öllu dýrmatari, hún er nauðsynlegt hamingjuskilyrði. Heilbrigði gerir lífið á sinn hátt jafndýr-mætt, eins og veikindi gera það aumt og ómurlegt. Allir sem vilja varð-veita þá heilbrigði líkamans, sem er skilyrði fyrir hamingjusömu lífi eiga daglega að neyta

Kína-lífs-elixírs,

sem frægur er orðinn og viðurkenndur um allan heim, en varið yður á lélegum og gagnslausum eptirstæl-ingum.

Gætið þess nákvæmlega, að á ein-kennismíðanum sé hið lögverndaða vörumerki: Kínverji með glas í hendi og merkið $\frac{V. P.}{F.}$ í grænu lakki á flösku-stútnum.